


Felix – Breyta heimilisfangi/síma/netfangi



Felixkerfið sækir heimilisföng í þjóðskrá. Þjóðskráin er uppfærð mánaðarlega, sem tryggir að verið sé að vinna með uppfærð heimilisföng. Aðrar upplýsingar s.s. símanúmer og netföng er hægt að færa handvirkt inn í kerfið. Til að uppfæra upplýsingar er viðkomandi einstaklingur valinn með því að ýta á nafnið hans með músinni og þá birtist gluggi með upplýsingum um notandann. Glugginn skiptist niður í nokka flipa.

Almennt skennitala, nafn og afmælisdagur. Hér er hægt að skrá inn ípróttanafn ef vill og setja inn mynda af einstaklingi. Varast ber að setja stórar myndir þó.

Heimilisfang er sótt í þjóðskrá. Hins vegar er unnt að breyta aðsetri ef þarf. Aðsetur helst inni nema ef nýjar upplýsingar um heimilisfang berast frá þjóðskrá, þá yfirskrifast handfærðar upplýsingar um aðsetur.

Sími/Netfang Til að uppfæra síma/netfang er sá flipi valinn og upplýsingar skráðar í viðeigandi reiti.

Upplýsingar um heimilisfang og netfang nýtast „glóbalt“ í kerfinu. Þannig að ef netfang hefur verið skráð inn í kerfið af einu félagi nýtist það öðrum félögum einnig.

Hópar – Undir þessum flipa getur þú séð alla þá hópa sem viðkomandi er skráður í hjá þínu félagi. Hópar eru með breiðum texta.

Saga – Undir söguflipa er hægt að sjá í hvaða hópum einstaklingur hefur verið skráður.

Virkni/athugasemdir - Virknin er háð þeim hópi sem er valinn. Einnig er þrír upplýsingadálkir sem hægt er að nýta til skráningar. Þeir eru háðir hópnum og upplýsingar **flytjast ekki** milli hópa.